



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 1. nóvember 2022

Fundur: 9. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, ~~Jóhann Haukur Björnsson~~.

Varastjórn: ~~Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Þóðsdóttir.~~

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi

Samþykkt.

2. Undirbúningur formannafundar í næstu viku

Fjallað stuttlega um stöðuna. Mikilvægt að sýna nýjar tillögur, 9 mánaða uppgjör, útkomuspá og áætlun næsta árs á fundi. Þar þarf að uppfæra þjónustugjöld miðað við iðkendafjölda. Tölur virðast þó undarlega lágar og mikilvægt að skoða það ofan í kjölinn. Sama staða virðist vera uppi í öllum sérsamböndum og því hugsanlegt að það tengist skráningum í Sportabler þar sem þetta er fyrsta skráning sem skilar sér þar í gegn. Framkvæmdastjóri vinnur það áfram. Í þessu ljósi er mikilvægt að skoða hækkun þjónustugjalds, sem þarf að hækka meira ef iðkendum fækkar. Samþykkt að gjaldkeri, formaður og framkvæmdastjóri hittist og ljúki við að gera áætlun næsta árs og annað sem þarf að ljúka. Það verður svo lagt, rafrænt, fyrir stjórn.

3. Úthlutun afreksstyrkja

Framkvæmdastjóri leggur til að úthlutun afreksstyrkja verði tilkynnt á næstu vikum. Gjaldkeri, framkvæmdastjóri og formaður ljúka einnig þessari afgreiðslu og leggja fyrir stjórn.

4. Önnur mál

Uppskeruhátið. Íris hafði sent út upplýsingar um viðurkenningar til stjórnar og telst það samþykkt þar sem engar athugasemdir bárust.

Dagskrá formannafundar. Formaður leggur til að dagskrá verði samþykkt eins og hún hefur verið lögð fyrir. Annað sem upp kemur verði lagt til undir liðnum *önnur mál*.



Rætt var stuttlega um mikilvægi þess að leggja áherslu á *langtímaáætlanir* í starfi FRÍ, þar sem unnið er að því að byggja upp starfið allt frá yngstu iðkendum á Bronsleikum að Ólympíuleikum.

Framkvæmdastjóri ítrekar að uppfæra þurfi reglugerðir í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið. Ritari tekur verkefni að sér og starfsmaður skrifstofu mun senda upplýsingar um málið áfram.

Rætt var um stöðu á tölvukerfum sambandsins. Formaður tekur það verkefni. Í því sambandi var einnig lögð áhersla á þarf einnig að skilgreina betur hvernig samstarfi við hlaupin er háttað, - Vottun FRÍ - hvað felst nákvæmlega í henni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.00

Ritun fundargerðar: Bergþóra Guðjónsdóttir, ritari FRÍ.